

Um aflmælingar og sýnatöku í Kröflu

Halldór Ármannsson, Gestur Gíslason

Greinargerð HÁ-GG-81/05

Um aflmælingar og sýnatöku í Kröflu 1981-09-06 - 16

Farin var ferð 1981.09.06-16, aðallega til rannsókna á Þeistareykjum. Þó voru gerðar aflmælingar og tekið sýni úr KJ-6 í Kröflu. Niðurstöður þeirra mælinga, svo og tveggja mælinga, sem gerðar voru í lok ágúst á KJ-14 eru sýndar í meðfylgjandi töflu.

Hola KJ-14 hitnaði og batti við sig afli á þeim tíma, sem mælt var. Ekki virðist hafa verið gerð aflmæling, er holan var sett á veitu. Hola KJ-16 er svipuð og áður, og sama máli gegnir um KJ-11 og KJ-15. Hola KJ-6 hefur sennilega ekki verið komin í jafnvægi, er hún var mæld og sýni tekið 1981-09-15. Eskilegt væri, að hún fengi að blása í nokkra daga í hljóðdeyfi og ná þannig stöðugleika, áður en hún verður sett á veitu.

Um sýnatökubúnað á holutoppum

Af gefnu tilefni viljum við vekja athygli holutoppahönnuða á meðfylgjandi mynd úr: "Greinargerð um aflmælingar í borholum", eftir Sigurð Benediktsson og Sveinbjörn Björnsson, sem notuð hefur verið sem leiðarljós um staðalhönnun sýnatökubúnaðar á holutoppum. Okkur hefur virst misbrestur á, að rétt væri farið að í þessu efni. T.d. er sýnatökukrani á hljóðdeyfislögn KJ-16 25 sm frá miðju lóðrétta rörinu og á veituröri KJ-13 marga metra frá, en ætti skv. teikningunni að vera 150 sm. Sýnu verra er, að kranar séu of langt frá en of stutt, því að um 2-3 m frá breytist streymisgerð og erfitt getur reynst að ná marktækum sýnum.

Sá búnaður, sem settur hefur verið á holu KJ-17, er alls ófullnægjandi. Engir kranar hafa verið settir á hljóðdeyfislögn, og virðist ógerningur að koma að sýnatökukrana á réttum stað þar sem 2" blæðilögn er í veginum. Sýnatökukrani á veituröri er öfugu megin, snýr að hljóðdeyfislögn. Væri ógerningur að koma skilju að honum.

1981-09-17

Einnig viljum við benda á, að við ísetningu krana hafa verið boruð svo þröng göt á rörin undir krönunum, að útfellingar hafa stíflað þau fljótt. Því vildum við mælast til þess, að hæfilega við göt (a.m.k. 5 mm) verði boruð í framtíðinni.

Halldór Ármannsson

Gestur Gíslason.

Niðurstöður aflmælinga og efnagreininga

Hóla nr.	Sýni nr.	Dags.	Po bar	Vatnsfasi			Gufufasi			HO kJ/kg	QT kg/sek	G 1 bara kg/sek	G 7 bara kg/sek
				pH/°C	CO ₂ mg/kg	H ₂ S mg/kg	SiO ₂ mg/kg	Gas %	CO ₂ mg/kg				
KJ-14		1981-08-26	25,8						2617	12,3	11,8	11,5	
KJ-14		1981-08-28	25,5						2634	13,0	12,5	12,1	
KJ-14		1981-09-07	26,5						2642	13,2	12,7	12,4	
KJ-16		1981-09-07	6,1						1626	7,4	3,9	3,3	
KJ-16		1981-09-15	5,8						1697	7,3	4,1	3,5	
KJ-11		1981-09-07	4,9						2098	4,9	3,6	3,3	
KJ-15		1981-09-12	8,8						2676	4,0			
KJ-6	1082	1981-09-15	2,6	9,26/26	154	24,0	818	0,73	6994	6,6	2,4	1,8	

